

FUNDARGERÐ LEIKSKÓLANEFNDAR

Fimmtudaginn 27. maí 2004 var fundur haldinn í Leikskólanefnd Höfðahrepps kl. 18:15 í leikskólanum Barnabóli

Mætt eru; Birna Sveinsdóttir formaður, Björn Hallbjörnsson, Dóra Sveinbjörnsdóttir, Helga Bergsdóttir leikskólastjóri, og Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Erla Hauksdóttir fulltrúi foreldrafélags.

Dagskrá fundarins:

1. Ráðning leikskólastjóra
2. Stafsmannamál
3. Biðlistar – inntaka nýrra barna.
4. Viðhald
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ein umsókn barst um stöðu leikskólastjóra, frá Þórunni Bernósdóttur leikskólakenna. Nefndin leggur til að Þórunn verði ráðin í starfið.
2. Auglýsa þarf eftir leikskólakennara í stað Þórunnar sem hefur verið í fullu starfi. Guðlaug Grétarsdóttir hefur sagt upp 50% starfi sínu eftir hádegi en ekki er ljóst hvort ráða þarf í hennar stað þar sem umsóknir um leikskóladvöl eru færri en áður. Einnig þarf að ráða í hlutastarf vegna sérkennslumála, en ekki er ljóst ennþá hvað það þarf að vera hátt.
3. Tíu börn fara í grunnskóla í haust og a.m.k. fjögur flytja burt. Fyrirséð er að gera þurfi breytingar á innra skipulagi leikskólans, hvað varðar dvalartíma. Aukin eftirspurn er eftir sex og átta tíma dvöl en færri umsóknir eru um fjóra tíma. Eins og staðan er í dag fá öll börn sem sótt hefur verið um fyrir, tilboð um leikskólapláss í haust.
4. Samkvæmt fjárhagsáætlun er úthlutuðu fjármagni til viðhalds húss kr. 600,000,- og lóðar kr. 288,000,- Vísað er til síðasta fundar um forgangsverkefni.
5. Ársskýrsla fyrir árið 2003 var lögð fram og samþykkt.

Fundargerðin var skráð í tölvu, lesin upp í lok fundarins og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Fundi slitið kl. 20:00

2004-05-27-9,1

Leikskólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Birna Sveinsdóttir
(Sign)

Björn Hallbjörnsson
(Sign)

Dóra Sveinbjörnsdóttir
(Sign)

Helga Bergsdóttir
(Sign)

Sesselja Guðmundsdóttir
(Sign)

Erla Hauksdóttir
(Sign)